

ÁKVÖRÐUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS nr. 593/2004/EB

frá 21. júlí 2004

um breytingu á ákvörðun ráðsins 2000/819/EB um áætlun til margra ára um fyrirtæki og framtakssemi, einkum vegna lítilla og meðalstórra fyrirtækja (2001-2005)

(Texti sem varðar EES)

EVROÞUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAVA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 3. mgr. 157. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ⁽¹⁾,

á höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ⁽²⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 5. nóvember 1997 samþykkti framkvæmdastjórnin ákvörðun 97/761/EB um samþykki fyrir stuðningsfyrirkomulagi vegna stofnunar fjölþjóðlegra fyrirtækja um sameiginleg verkefni fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki í Bandalaginu ⁽³⁾.
- 2) Stofnlánakerfi Tæknilánaflokks evrópskra fyrirtækja, áætlun um evrópsk fyrirtæki um sameiginleg verkefni (JEV) og ábyrgðarfyrirgreiðsla við lítil og meðalstór fyrirtæki, sem kveðið er á um í ákvörðun ráðsins 98/347/EB frá 19. maí 1998 um ráðstafanir um fjárhagsaðstoð til lítilla og meðalstórra fyrirtækja sem innleiða nýjungar og eru atvinnuskapandi — framtaksverkefni um hagvöxt og atvinnumál ⁽⁴⁾.
- 3) Áætlunin til margra ára, sem komið er á fót með ákvörðun 2000/819/EB ⁽⁵⁾, miðar að því að bæta fjárhagsumhverfi fyrirtækja, einkum með því að bæta starfsemi stofnlánakerfis Tæknilánaflokks evrópskra fyrirtækja, gera breytingar á ábyrgðarfyrirgreiðslu við lítil og meðalstór fyrirtæki og, að því er varðar evrópsk fyrirtæki um sameiginleg verkefni, með því að nýta skuldbindingar, sem er stofnað til fram til 31. desember 2000, samkvæmt ákvörðun 98/347/EB, til hagsbóta fyrir fyrirtæki sem hyggjast efna til fjölþjóðlegs samstarfs.
- 4) Markmiðið með stofnlánakerfi Tæknilánaflokks evrópskra fyrirtækja, áætluninni um evrópsk fyrirtæki um sameiginleg verkefni og ábyrgðarfyrirgreiðsluninni við lítil og meðalstór fyrirtæki verður að vera það að takast, með skilvirkum hætti, á við markaðsbresti, sem hefta aðgang lítilla og meðalstórra fyrirtækja að áhættufjármagni, með því að hvetja bæði einkaaðila og opinbera aðila til þátttöku í því skyni að ná 100% dreifingu.

5) Samkvæmt IV. lið II. viðauka við ákvörðun 2000/819/EB hefur reynslan sýnt að nauðsynlegt er að einfalda áætlunina um evrópsk fyrirtæki um sameiginleg verkefni til að fjármálamililiðir og deildir framkvæmdastjórnarinnar geti afgreitt beiðnir lítilla og meðalstórra fyrirtækja um fjárframlög hratt og til þess að tryggt sé að fjármunir Bandalagsins séu notaðir á réttan hátt. Einnig kom fram að framkvæmdastjórnin væri að kanna hvort unnt er að gera breytingar á viðmiðunum um styrkhæfi til þess að svara betur þörfum lítilla og meðalstórra fyrirtækja með tilliti til fjárfestinga yfir landamæri, m.a. í löndum sem hafa sótt um aðild að Evrópusambandinu.

6) Hinn 10. október 2002 samþykkti Evrópuþingið ályktun um skýrslu framkvæmdastjórnarinnar til Evrópuþingsins og ráðsins um framtaksverkefni um hagvöxt og atvinnumál - ráðstafanir um fjárhagsaðstoð til lítilla og meðalstórra fyrirtækja sem innleiða nýjungar og eru atvinnuskapandi — ⁽⁶⁾ þar sem bent er á að áætlunin um evrópsk fyrirtæki um sameiginleg verkefni í núverandi mynd eigi ekki lengur við.

7) Niðurstaða mats framkvæmdastjórnarinnar á framtaksverkefninu um hagvöxt og atvinnumál frá 29. maí 2002 er að lítil eftirspurn væri á markaðinum eftir áætluninni um evrópsk fyrirtæki um sameiginlegt verkefni, áhrif til atvinnusköpunar hafi verið takmörkuð og stjórnsýslukostnaður mjög hár þannig að hætta ætti sem fyrst við áætlunina um evrópsk fyrirtæki um sameiginleg verkefni.

8) Af ástæðum sem varða kostnaðarhagkvæmni ætti Bandalagið að hætta smám saman við áætlanir, sem hafa í för með sér rekstrarstjórnun á litlum fjárhæðum, eins og í verkefnunum sem fjármöggnuð eru samkvæmt áætluninni um evrópsk fyrirtæki um sameiginleg verkefni.

9) Eftir nákvæma greiningu verður að draga þá ályktun að ekki sé hægt að einfalda áætlunina um evrópsk fyrirtæki um sameiginleg verkefni verulega þar sem allar meiri háttar breytingar á uppbyggingu eða viðmiðunum áætlunarinnar um styrkhæfi myndu breyta eðli hennar og því falla utan lagalegs grundvallar (ákvörðun 98/347/EB). Því væri hvorki hægt að nota eftirstöðvar ráðstafaðra fjárframlaga né heldur að nota þetta ráðstöfunarfé í verkefni sem fyrrverandi inngöngulönd eða umsóknarlönd taka þátt í.

⁽¹⁾ Álit var skilað 30. júní 2004 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB).

⁽²⁾ Álit Evrópuþingsins frá 22. apríl 2004 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB) og ákvörðun ráðsins frá 19. júlí 2004.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 310, 13.11.1997, bls. 28.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 155, 29.5.1998, bls. 43.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 333, 29.12.2000, bls. 84. Ákvörðuninni var breytt með aðildarlögunum frá 2003.

⁽⁶⁾ Stjtið. ESB C 279 E, 20.11.2003, bls. 78.

- 10) Fjárframlög fyrir áætlunina um evrópsk fyrirtæki um sameiginleg verkefni voru ákvörðuð á grundvelli ramma-samninga, sem voru undirritaðir ásamt færmálamilliliðum í netkerfi evrópsks fyrirtækis um sameiginleg verkefni, og þannig mynduðust bein lagaleg tengsl milli framkvæmdastjórnarinnar og þessara milliliða. Því hefði ekki verið hægt að endurnýja gildandi ramma-samninga með beinum lagasamningum milli framkvæmdastjórnarinnar og lítilla og meðalstórra fyrirtækja sem hefðu, að því er þessa sérstöku áætlun varðar, leitt til einföldunar og aukinnar verndar fjárhagslegra hagsmuna Bandalagsins.
- 11) Eingöngu væri hægt að gera tiltölulega litlar málsmeðferðarbreytingar án þess að tapa eftirstöðvum ráðstafaðra fjárframlaga og þær teljast ófullnægjandi til að tryggja að með áætluninni um sameiginlegt evrópskt fyrirtæki náist verulega betri árangur.
- 12) Ekki er hægt að nota eftirstöðvar ráðstafaðra fjárframlaga í verkefni, sem þáverandi inngöngulönd eða umsóknarlönd taka þátt í, þar sem þessi fjárframlög voru ákvörðuð innan ramma framtaksverkefnisins um hagvöxt og atvinnumál (1998-2000) og því ætlað eingöngu þeim ríkjum sem eru aðilar að Evrópusambandinu og Evrópska efnahagssvæðinu, eins og kveðið er á um í ákvörðun 98/347/EB.
- 13) Frá því hætt var við hinar tvær áætlanirnar um fjölbjóðleg sameiginleg verkefni – Samstarfsaðilar Evrópubandalagsins á sviði fjárfestinga (ECIP) fyrir þróunarlöndin í Asíu, Rómönsku Ameríku, Miðjarðarhafslöndin og Suður-Afríku (ALAMEDSA-löndin) árið 1999 og áætlunina um að efla fyrirtæki um sameiginleg verkefni lítilla og meðalstórra fyrirtækja í Bandalaginu og aðra sameiginlegra samninga (JOP) í Mið- og Austur-Evrópuríkjunum (CEEC) og nýju sjálfstæðu ríkjunum (NIS) árið 2000 – hafa margir fjármálamilliliðir innan vébanda evrópskra fyrirtækja um sameiginleg verkefni dregið úr umsvifum sínum eða hætt þessari starfsemi vegna þess hve fáar umsóknir um evrópsk fyrirtæki um sameiginleg bástust frá litlum og meðalstórum fyrirtækjum, sem varð til þess að í flestum aðildarríkjunum er í raun ekki lengur unnt að sækja um þátttöku í áætluninni.
- 14) Í ljósi skýrrar niðurstöðu matsins er ekki talið heppilegt að leggja til að í stað áætlunarinnar um evrópsk fyrirtæki um sameiginleg verkefni komi önnur sambærileg áætlun.
- 15) Þótt horfið sé frá áætluninni um evrópsk fyrirtæki um sameiginleg verkefni í áföngum ætti það ekki að hafa áhrif á réttindi og skyldur Bandalagsins, fjármálamilliliði eða styrkþega (lítill og meðalstór fyrirtæki) sem tengjast samþykktum verkefnum.
- 16) Með tilliti til réttmætra væntinga fjármálamilliliða skal þeim heimilað að leggja fram umsóknir um fjárframlög fyrir lítill og meðalstór fyrirtæki í tiltekinn tíma eftir að þessi ákvörðun hefur verið samþykkt.
- 17) Hinn 23. október 2003 samþykkti Evrópuþingið ályktun um frumkvöðlastarfsemi í Evrópu, þar sem hvatt er til þess að fyrirkomulagi verði komið á fót sem bæti aðgengi, einkum lítilla fyrirtækja og örfyrirtækja, að sjóðum fjárfestingabanka Evrópu/Fjárfestingarsjóðs Evrópu vegna fjárfestinga í nýrri tækni og fjárfestingum sem tengjast starfsnámi.
- 18) Í því skyni að efla nýsköpun, rannsóknir og þróun og frumkvöðlastarfsemi lítilla og meðalstórra fyrirtækja, sbr. ályktanir leiðtoga ráðsins frá fundi þess í Barselóna, ber að skapa hagstæðara umhverfi fyrir fjárfestingar einkageirans í rannsóknnum og þróun, einkum með tilstyrk áhættufjármagns.
- 19) Framkvæmdastjórnin hefur skuldbundið sig til þess að endurbæta núverandi áætlanir fyrir fyrirtæki og frumkvöðlastarfsemi til margra ára í tæka tíð með hliðsjón af því að þörf er á að efla samvinnu milli fyrirtækja og fyrirtækjasamtaka og að styðja samráð milli þverlægra samtaka og atvinnugreinasamtaka eða faglegra samtaka lítilla fyrirtækja, örfyrirtækja og handverksfyrirtækja.
- 20) Hinn 26. nóvember 2002 lýsti ráðið því yfir að aðildarríkin, framkvæmdastjórnin og fjármálastofnanir skyldu kanna hvernig bæta mætti fjárhagsramma fyrir líftækni.
- 21) Evrópuþingið fór fram á það í áætlun sinni um lífvísindi og líftækni frá 21. nóvember 2002⁽¹⁾ að framkvæmdastjórnin greini hvernig skuli komast yfir ófullnægjandi fjármögnun við stofnun líftæknifyrirtækja og bað um að fjárfestingarbanki Evrópu tæki framhaldsaðgerðir til velviljaðrar athugunar.
- 22) Breyta skal ákvörðun 2000/819/EB til samræmis við það,

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

I. gr.

Ákvörðun 2000/819/EB er breytt sem hér segir:

1. Í stað 1. mgr. 5. gr. komi eftirfarandi:

„1. Framkvæmdastjórnin skal leggja fyrir Evrópuþingið og ráðið ársskýrslu um framkvæmd fjármálagerninga þessarar áætlunar fyrir árið 2004 sem og sambærilega lokaskýrslu fyrir árið 2005 (lokaárið).“

2. Eftirfarandi breytingar eru gerðar á I. viðauka:

a) í stað fyrsta málsliðar í i-lið a-liðar 4. liðar komi eftirfarandi:

„—með því að fjárfesta í viðeigandi, sérhæfðum áhættufjármagnssjóðum, einkum sprotafjármagnssjóðum, litlum sjóðum, sjóðum sem eru reknir í tilteknu héraði eða miðast við tiltekna atvinnugreinar eða tækni, eða áhættufjármagnssjóðum sem fjármagna rannsóknir og þróunarstarfsemi, t.d. sjóðum sem tengjast rannsóknarmiðstöðvum og tæknigörðum sem í staðinn leggja litlum og meðalstórum fyrirtækjum til áhættufé.“

(¹) Stjtið. ESB C 25 E, 29.1.2004, bls. 384.

b) í i-lið a-liðar 4. liðar bætist við eftirfarandi undirgrein:

„Byrjunarstigið getur að öðru jöfnu numið allt að fimm árum. Að því er varðar fyrirtæki sem starfa á tilteknum hátæknisviðum, einkum lífvísindum getur byrjunarstigið hins vegar varað í allt að tíu ár, vegna þess hve vöruþróunar- og prófunartími fyrir markaðssetningu er langur, sem er einkennandi fyrir þessar sérstöku atvinnugreinar.“

c) eftirfarandi undirgreinar bætast við í iv-lið a-liðar í 4. lið:

„Hverfa skal frá áætluninni um sameiginleg evrópskt verkefni í áföngum.

Fjármálamililiðunum er heimilt að leggja fram fyrir framkvæmdastjórnina umsóknir um fjárframlög fyrir lítill og meðalstór fyrirtæki þar til 29. desember 2004.

Fara skal með umsóknir og verkefni í samræmi við 4. gr. og II. viðauka ákvörðunar ráðsins 98/347/EB frá 19. maí 1998 um ráðstafanir um fjárhagsaðstoð til lítilla og meðalstórra fyrirtækja sem innleiða nýjungar og eru atvinnuskapandi — framtaksverkefni um hagvöxt og atvinnumál (*).

(*) Stjtið. EB L 155, 29.5.1998, bls. 43.“

d) í fyrsta undirlið 5. liðar falli orðið „fimm“ brott,

3. í II. viðauka falli IV. liður brott.

2. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

3. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 21. júlí 2004.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

J. P. BORREL

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

A. NICOLAI

forseti.